

Stjórnarfundur í félagi íslenskra Félagsliða.

Stjórnarfundur haldinn 10.09. 2012 kl. 19:30 að Grettisgötu 89 Reykjavík. (sfr)

og fjarfundarbúnaður sendur út frá Sauðárkróki.

Mættar eru Salvör Sigríður Jónsdóttir (Sallý) formaður, Árdís Jónasdóttir gjaldkeri, Elva Hlín Harðardóttir ,Guðrún Ásta Björgvinsdóttir, Olga Alexandersdóttir meðstjórnendur, Birna Sigurðardóttir varastjórn., Birna Jónsdóttir ritari.

Á fundinn vantaði Guðbjörgu Benjamínsdóttur varaformann og Hafdísí Sverrisdóttur varastjórn.

Helstu mál á dagskrá.: Kynningarbæklingur ,námskeið , gjaldkeri , penninn , heimasíðan , úthlutunarreglur , önnur mál.

Ritari las upp fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Rætt um hvað hafði áunnist af því sem tekið var fyrir á síðasta fundi . Umræða um kynningarbæklinginn .Þá kom fram að kynningarbæklingurinn er komin á rétt ról. Greiningarvinnan gengur nokkuð vel . Þarf að á fá Félagsliða til að búa til þrýstihóp og vera duglegir að kynna sig betur. Samþykkt að leita tilboða hjá prentsmiðjum til að prenta bæklinginn ,samþykkt að gera 5000 eintök úr þykkum glanspappa. Þá kom hugmynd um að auglýsa eftir fólki (Félagsliða) á facebook með það að skrifa í blöðin. Þá kom fram að stéttafélögin mörg hver hafa enga hugmynd um hvað eru margir Félagsliðar á landinu og sum sveitafélög og stofnanir þekkja lítið til Félagsliða.

Fréttablaðið (A4 blað brotið saman) til félagsmanna . það kom hugmyndir að gera tilboð í prentun og að fyrsti bæklingurinn sem kæmi út væri með þannig fyrirkomulagi að kynna stjórn Félagsliða ,einnig hvernig má ná í stjórnarmeðlimi , ákveðið að setja inn nýtt e-mail fyrir stjórnina, sem mun fylgja yfir á næstu stjórn. Annar bæklingurinn væri um námskeið á vegum Starfsmennt , að Félagsliðar munu koma með hugmyndir, (tillögur) hvaða námskeiðsefni þeir vilja fá. Starfsmennt komi til með að setja inn námskeiðin og sjá um fyrirkomulag t.d kennara og annað sem þarf að halda utanum .Tillaga kom fram um hafa hugmyndarkassa á aðalfundi þar sem félagsmenn geta komið með hugmyndir af námskeiðum. Hugsunin með úthlutunarreglunni er að félagi verður að vera skuldlaus til að þiggja námskeið.

Samþykkt að gera tilboð í veglega penna og hafa til sölu, skoða hjá fyrirtækinu Bros Pennarnir eru einnig ætlaðir sem gjöf til útskriftanema.

Umræður um heimasíðuna og kostnað sem því fylgir

Samþykkt að gera nýja heimasíðu þar að segja útlitsbreytingu , ákveðið að leita tilboða.

Halda áfram að fylgja eftir með löggildinguna , vinna er í gangi en lítið er um svör , Skoða hvað er í gangi í sambandi við löggildinguna., fá allt á hreint áður en skrifað er bréf til velferðarráðherra.

Önnur mál:

Gjaldkeri sér um skráningu nýrra félaga og heldur utan um nælurnar og þær eru til sölu þar gegn greiðslu.

Ritara falið að sjá um fjarfundabúnað fyrir norðan og láta stjórnarkonur fyrir norðan vita um fundi .

Næsti fundur áætlaður 15.okt. nk.

Fleira ekki tekið fyrir , fundi slitið

Birna Jónsdóttir